
Mölnunarverksmiðja í Þorlákshöfn

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 16. mars 2023 barst Skipulagsstofnun matsáætlun HeidelbergCement Pozzolan Materials vegna Mölnunarverksmiðju í Þorlákshöfn samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 10.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og Vinnueftirlits ríkisins um matsáætlun HeidelbergCement Pozzolan Materials.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu 24. mars 2023. Hún lá frammi til kynningar á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss og var einnig aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar, www.skipulag.is. Kynningartími matsáætlunar var frá 28. mars til 25. apríl 2023.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Mölnunarverksmiðja Þorlákshöfn. Matsáætlun. Mannvit og Heidelberg Materials. Mars 2023.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi dags. 8. maí 2023
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 25. apríl 2023
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun dags. 24. apríl 2023
- Landsneti dags. 17. apríl 2023
- Minjastofnun Íslands dags. 21. apríl 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 25. apríl 2023
- Umhverfisstofnun dags. 18. apríl 2023
- Vegagerðinni dags. 10. maí 2023

Auk þess bárust umsagnir frá:

- Erlendi Ágústi Stefánssyni dags. 25. apríl 2023
- Guðmundi Oddgeirssyni dags. 25. apríl 2023
- Henrik Jóhannssyni dags. 25. apríl 2023
- Karli Jóhanni Guðnasyni dags. 25. apríl 2023
- Landvernd dags. 25. apríl 2023

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 19. maí 2023.



3 Framkvæmd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform HeidelbergCement Pozzolan Materials vegna Mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Áform HeidelbergCement Pozzolan Materials felast í því að reisa mölunarverksmiðju við Þorlákshöfn í tveimur áföngum með tilheyrandi byggingum, aðstöðu við aðliggjandi höfn og innviðauppbýggingu fyrir starfsemina. Hráefni í verksmiðjuna yrði fengið úr námum í Lambafelli og Litla-Sandfelli. Auk þess sem verið er kanna aðra möguleika á efnistöku, m.a. á að nýta efni sem kæmi með sjóflutningum til hafnar við mölunarverksmiðjuna. Verkefnið er útflutningsverkefni þar sem móberg er malað og síðan flutt út til notkunar sem íauki í sementsframleiðslu í verksmiðjum Heidelberg Materials.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar HeidelbergCement Pozzolan Materials.

4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila, svörum við umsögnum eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Valkostir

Í matsáætlun kemur fram að fjallað verði um tvo valkosti í umhverfismatsskýrslu. Valkostur 1 er ný mölunarverksmiðja við Skötubót. En hún yrði á skilgreindu hafnarsvæði innan þéttbýlismarka Þorlákshafnar. Valkostur 2 er mölunarverksmiðja á skilgreindu iðnaðarsvæði vestan við Þorlákshöfn við Keflavík, þ.e. utan þéttbýlismarka. Í báðum valkostum sé þörf fyrir að aðlaga umhverfi, lóð og skipulag að starfsemi mölunarverksmiðju. Þörf sé á að styrkja við innviði líkt og rafmagn, heitt vatn og vatnsveitu. Á báðum stöðum þarf að bora eftir grunnvatni sem myndi nýtast fyrir verksmiðjuna.

Greining á núllkosti

Í matsáætlun kemur fram að fjallað verði um núllkost, þ.e. þann kost að ekki verði af byggingu mölunarverksmiðju við Þorlákshöfn.

Skipulagsstofnun minnir á að skilgreiningin á núllkosti skv. e-lið 2. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana er: „[I]kleg þróun umhverfisins án framkvæmdar eða framfylgdar áætlunar“. Í kafla 3.1 í matsáætlun um markmið og forsendur segir m.a.: „Markmiðið er að lækka kolefnisspor byggingariðnaðarins á Íslandi og norður Evrópu“. Að mati Skipulagsstofnunar ætti greining á núllkosti að fela í sér greiningu á þróun steypuiðnaðar með tilliti til kolefnisspors komi ekki til framkvæmdarinnar. Í því ljósi bendir Skipulagsstofnun á að móberg er ekki eina íblöndunarefnið sem nota má í framleiðslu á sementi auk þess sem ýmsar aðrar leiðir eru færar til að til að draga úr kolefnisspori við framleiðslu steypuefnis.



Tengdar framkvæmdir

Í matsáætlun kemur fram hvaðan hráefni fyrir mölunarverksmiðju muni koma. Annars vegar fengið úr námum á landi og hins vegar úr sjó.

Í umhverfismatsskýrslu er nauðsynlegt að gera grein fyrir mögulegri hafnargerð samkvæmt kosti 2. Meta þarf áhrif efnistöku vegna mannvirkjagerðar og gera grein fyrir nauðsynlegum breytingum á innviðum vegna fyrirhugaðrar starfsemi, þ.m.t. vegum, háspennulínunum og öðrum veitum. Tilgreina þarf námur sem ætlað er að nota í hafnarmannvirki og greina frá hvað verður um dýpkunarefni.

Áhrif á vegi, umferðaröryggi og hljóðvist

Í matsáætlun kemur fram að hráefni fyrir mölunarverksmiðju verði annars vegar fengið úr námum á landi og hins vegar úr sjó.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir umfangi flutninga á vegum, meta áhrif vegna þeirra og meta samlegðaráhrif með öðrum þungaflutningum á svæðinu s.s. vegna vikurflutninga eða fiskeldis. Meta þarf áhrif á ástand vega, afkastagetu þeirra vega sem flytja efni að og frá verksmiðjunni sem og áhrif á umferðaröryggi. Jafnframt þarf að gera grein fyrir áhrifum umferðar á hljóðvist og loftgæði við næstu íbúðarhús í nágrenni flutningsleiða.

Áhrif á grunnvatn

Í matsáætlun kemur fram að umtalsvert magn af köldu vatni þurfi í framleiðslu verksmiðjunnar eða allt að 3 milljónum m³ á ári eða um 95 l/s meðalrennsli. Því sé ekki unnt að sækja það í skilgreindar vatnslindir og þarf að bora eftir vatni innan eða sem næst framkvæmdasvæði. Vatnið megi einnig vera afrennsli frá öðrum aðilum og sé það í skoðun hjá framkvæmdaraðila.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að ásókn í kalt grunnvatn til uppbyggingar atvinnustarfsemi á svæðinu sé orðin mjög mikil og telur Heilbrigðiseftirlitið nauðsynlegt að metin verði í umhverfismati samlegðaráhrif fyrirhugaðrar grunnvatnstöku til vinnslunnar með öðrum framkvæmdum á svæðinu. Jafnframt leggur Heilbrigðiseftirlitið til að leitað verði raunhæfra valkosta um mögulega endurnýtingu vatns í framleiðslunni eða endurnýtingu vatns frá annarri starfsemi á svæðinu í þeim tilgangi að lágmarka þörf fyrir nýtingu grunnvatns.

Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og telur brýnt að í umhverfismatsskýrslu verði lagt mat á samlegðaráhrif af grunnvatnsvinnslu með öðrum notendum vatns úr sama grunnvatnsstraumi. Einnig þarf að gera grein fyrir því hvort unnt sé að endurnýta vatn frá annarri starfsemi á sama svæði.

Fráveita

Í matsáætlun kemur fram að efni verði dælt í setlón áður en sjór renni aftur til sjávar um lögn frá lóninu. Um sé að ræða hreinan sjó sem renni til sjávar og eftir sitji í lóninu efni sem fari til efnisvinnslu. Til séu nokkrar tæknilausnir um hvernig komið verði í veg fyrir að set berist aftur til sjávar en það liggja ekki fyrir á þessu stigi.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir öllu frárennsli frá starfseminni. Hvað frárennsli innihaldi og meta áhrif þess á viðtaka. Gera þarf grein fyrir áhrifum fráveitu á viðtaka og mögulegum mótvægisáðgerðum til að halda þeim í lágmarki.

Áhrif á fugla

Í matsáætlun kemur fram að ekki verði lagt frekara mat á fuglalíf í umhverfismatsskýrslu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að æskilegt væri að fjalla um fuglalíf, sérstaklega eftir að valkostur 2 bættist við.



Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun Íslands. Nauðsynlegt er að meta áhrif hafnargerðar sem fylgir valkosti 2 á fuglalíf á svæðinu.

Lofschlag

Í matsáætlun kemur fram að í umhverfismatskýrslu verði umfjöllun um loftslagsáhrif verkefnisins á framkvæmda- og rekstartíma. Jafnframt að gerð verði greining á losun gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu móbergs sem íauka í sement og niðurstöður bornar saman við stöðu iðnaðarins í dag.

Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að mat á áhrifum á loftslag byggji á greiningu á kolefnisspori beggja valkosta. Þá telur Skipulagsstofnun að samanburður við stöðu iðnaðarins í dag eigi ekki eingöngu að felast í samanburði við framleiðslu á sementsgjalli heldur einnig samanburði við önnur íblöndunarefni.

Reykjavík, 29. júní 2023

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson